

Þar sem ástand á afhendingu á heitu vatni á Reykjanesinu er í óvissu á meðan eldsumbrot halda áfram nærri Svartsengi og innviðum þar á svæðinu hafa Almannavarnir og Umhverfisiráðuneyti lagt á það kapp að tryggja afhendingu á heitu vatni ef rof verður á afhendingu frá Svartsengi.

Liður í því er að setja upp neyðarkyndistöðvar við Rockville og einnig er horft til þess að setja upp sambærilegan búnað nálægt Fitjum.

Búið er að leigja búnað fyrir Rockville og einnig fyrir eitt sett af búnaði til að staðsetja við Fitjar.


Horft er til svæðisins fyrir neðan/austan tankanna en þetta svæði varð fyrir valinu í samvinnu við hönnuði veitukerfa, HS Veitur og HS Orku með tilliti til innviða á svæðinu.



Þar sem búnaðurinn er talsvert þungur þarf að jarðvegsskipta á þessu svæði (fáið til þess leyfi) og útbúa þjappað malarplan. Stærð plansins/púðans miðast við að hægt verði að koma fyrir amk. tveimur settum af búnaði á planinu ef þörf er á meira af heitu vatni í ástandi sem gæti varað í töluverðan tíma.

Eitt sett af búnaði samanstendur af ca 3-4stk. 40" gámum og ca 1-2stk 20" gámum sem dreifst eitthvað aðeins um svæðið. Í hvert sett þarf svo að tengja kalt vatn, rafmagn, tengja í fráveitu og tengja við hitaveitulögn. Líklega þarf einnig að koma upp lítilli dreifistöð fyrir rafmagn við svæðið.

- *Eftirfarandi er nokkurn vegin það sem er innifalið í einu setti.*
- Einn varmaskiptigámur (40") með afloftara
- 2 stk olúkatlar (hvor ca á stærð við 40" gám)
- 1-2 stk. Olútankar (ca 20" gámur hvor)
- Vatnhreinsikerfi (20" gámur)

Allur þessi búnaður sem um ræðir er færanlegur og ekki gert ráð fyrir að standi þarna varanlega nema þá líklega 2 stk. Varmaskiptigámar (ef búið verður að fasttengja við veitukerfi). Nánari útfærsla á því yrði að vera í samvinnu við sveitarfélagið þar sem svona gámapyrping er ekkert augnayndi en þarf samt að vera einhversstaðar ef afhenda á heitt vatn í neyð og innan ásættanlegra tímamarka þar sem töluverðan tíma tekur að koma öllum búnaði fyrir og tengja.







Hilmar Karl Arnarson

Orkutæknifræðingur | Energy Engineer B.Sc.